



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2002

Efnisyfirlit

<i>Starf setursins 2002</i> _____	3
Námskeið, ráðstefnur og þátttakendur _____	3
„Brettum upp ermar“ / „Að treysta grunninn“ _____	3
Starfsnám stuðningsfulltrúa _____	4
Þjálfun fyrir stuðningsfulltrúa á Vestfjörðum _____	4
Rekspölur _____	4
Framrás _____	5
Stjórnendaðjálfun fyrir forstöðumenn sambýla _____	5
Samstarf setursins og Þróunar- og símenntunarsjóða _____	5
Vika símenntunar – dagur símenntunar _____	5
Aðgangur að námstilboðum Starfsmenntar _____	5

Starf setursins 2002

Árið 2002 var fyrsta heila starfsár Fræðslusetursins Starfsmenntar. Stjórn setursins lagði áherslu á það að skilgreina vel þau verkefni sem framundan væru og tryggja eftir mætti gæði þeirra verkefna sem ráðist yrði í. Þessi stefna birtist m.a. í því að stjórnin fór í vettvangsheimsókn og skoðaði tilhögun þarfagreiningar, fræðslu og þjálfunar þar sem vel þykir hafa tekist til. Ennfremur hélt stjórnin kynningarfund með fræðslustjórum nokkurra ríkisstofnana í Ráðstefnusölum ríkisins. Markmiðið með þeim fundi var að kynna starfsemi setursins og setja af stað umræðu um notkun greiningartækja til greiningar á þörf fyrir aukna þjálfun og þekkingu innan stofnana ríkisins. Einnig var stjórnendum sjálfseignarstofnana boðið á fund setursins, en þar var fjallað var um stöðu þeirra gagnvart setrinu og þá þjónustu sem þær og starfsmenn þeirra gætu sótt til setursins. Með þessu var þeim gert ljóst að málum þeirra væri gefinn sérstakur gaumur innan setursins, þó þær ættu ekki formlegan fulltrúa í stjórn þess.

Á árinu fékk setrið fastan samastað og hannað var sérstakt einkennismerki þess. Aðstaða undir skrifstofu var leigð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Skrifstofubúnaður og tæki voru keypt inn í skrifstofuna og samið var við SFR um að félagið sjái um færslu bókhalds og launaútreikninga, og láti endurskoða bókhald og gera ársreikninga fyrir setrið.

Námskeið, ráðstefnur og þátttakendur

Setrið stóð fyrir 30 námskeiðum og ráðstefnum á árinu 2002, bæði á höfuðborgarsvæðinu, sem og út um land. Alls tóku 661 þátt í verkefnum og var endurgjöf þeirra afar jákvæð.

„Brettum upp ermar“ / „Að treysta grunninn“

Á vordögum sótti setrið um stuðning frá Starfsmenntaráði og fjármálaráðuneyti til að standa að tveimur verkefnum; ráðstefnunni „Brettum upp ermar“ og námskeiðinu „Að treysta grunninn“. Með ráðstefnunni var markmiðið að efla umræðu meðal stjórnenda stofnana um mikilvægi endur- og símenntunar starfsfólks og hvetja til markvissra áætlana og aðgerða í málaflokknum. Setrið fékk góðan hóp fyrirlesara til að vera með fjölbreytt erindi á ráðstefnunni. Til að stilla fyrirlesarana og erindi þeirra saman voru þeir sérstaklega undirbúnir og meðal annars boðaðir á undirbúningsfund þar sem erindi þeirra voru slípuð og samhæfð.

Fjórar ráðstefnur (Brettum upp ermar) voru síðan haldnar í september og októbermánuði (Selfoss – Reykjavík – Akureyri) og var þar stefnt að því að eftir ráðstefnuna hefðu þátttakendur:

- haldbær rök fyrir fjárfestingu í starfsþróun og sí- og endurmenntun meðal starfsmanna sinna

- gert sér ljósa grein fyrir þeirri stefnu sem ríkið hefur markað í menntunar- og þjálfunarmálum starfsmanna og hvaða hlutverki stjórnendur stofnana gegna í því efni
- kynnst því hvernig hægt er að standa að verki við markvissa uppbyggingu á sí- og endurmenntunar starfsmanna sinna

Á ráðstefnunna var stjórnendum stofnana boðið, sem og þeim aðilum sem hafa með höndum fræðslu og þjálfun innan stofnana. Ráðstefnan þótti takast vel og hlaut góðar viðtökur.

Þrjú námskeið (Að treysta grunninn) voru haldin í október og nóvember (Hótel Rangá – Hótel Glymur – Löngumýri) í kjölfar ráðstefnanna. Á námskeiðinu var aðaláherslan lögð á að auka þekkingu á ýmsum grunnþáttum í fullorðinsfræðslu, með áherslu á hönnun fræðsluferlis frá þarfagreiningu til mats. Jafnframt voru kynntar nýjar kenningar um skapandi aðferðir í kennslu fyrir fullorðna og hvernig beita má þeim aðferðum við þjálfun og fræðslu innan stofnana. Námskeiðin þóttu takast mjög vel.

Starfsnám stuðningsfulltrúa

Setrið tók yfir umsjón og rekstur á Starfsnámi stuðningsfulltrúa á árinu. Á vorönn fór fram yfirfærsla frá SFR með því móti að rekið var síðasta námskeiðið í því formi sem verið hafði um nokkurt skeið. Í framhaldi þess var ákveðið að reyna að tengja námið með formlegum hætti inn í framhaldsskóla. Leitað var til tveggja aðila til að taka að sér rekstur starfsnámsins; Borgarholtskóla og Fjölbrautaskólans við Ármúla / Framvegis – miðstöðvar símenntunar í Reykjavík. Að vandlega athuguðu máli var gengið til samninga við Framvegis. Ákveðið var að bjóða upp á grunnnámskeið á haustönn og framhaldsnámskeið í beinu framhaldi, sem næði þá inn á árið 2003.

Þjálfun fyrir stuðningsfulltrúa á Vestfjörðum

Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum greindi þörf fyrir þjálfun starfsmanna sinna á árinu. Niðurstaðan úr þeirri greiningu var sú að þörf væri fyrir nokkuð fjölbreytta þjálfun og sótti skrifstofan um stuðning við verkefnið. Stjórn Starfsmenntar ákvað að styrkja ákveðna þætti þjálfunarinnar. Stuðningurinn var háður því að Svæðisskrifstofan kynnti aðferðafræðina meðal annarra svæðisskrifstofa og þann ávinning sem hún taldi sig hafa haft af greiningunni. Það var Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem sá um að halda utan um þjálfunina sem formlegur samstarfsaðili Starfsmenntar.

Rekspölur

Námskeiðin Rekspölur I og II voru rekin af miklum krafti á árinu, en Rekspölur I var endurlífgaður með nýrri námskrá og hlaut góðar viðtökur. Alls var boðið upp á 18 námskeið og dreifðust þau á Stór-Reykjavíkursvæðið, Selfoss, Egilsstaði og Akureyri. Aflýsa þurfti þremur námskeiðum, tveimur á Selfossi og einu á Akureyri. Sem fyrr var það Fræðsluver GG, sem sá um námskeiðin og hlutu þau góðar viðtökur.

Framrás

Stjórn Starfsmenntar ákvað á árinu að bjóða upp á nám og þjálfun, sem sérstaklega væri ætlað fólki í skrifstofustörfum hjá hinu opinbera. Ákveðið var að greina vel hvaða þætti þjálfunar væri æskilegast að leggja áherslu á. Í því efni var gengið til samstarfs við Þekkingarmiðlun ehf, sem ásamt framkvæmdastjóra vann að greiningu og undirbúningi. Kallaðir voru saman fræðslustjórar stofnana og með þeim var skilgreint hvaða þætti væri mikilvægt að leggja áherslu á. Æskilegt þótti að skipta náminu upp í þrjár línur, sem nemendur gætu tekið allar eða einstakar. Í framhaldi þess var síðan námsþáttum lýst og verkefnið sett í útboð. Um tugur tilboða barst í verkefnið og var að lokum ákveðið að ganga til samninga við Endurmenntun HÍ um að hafa umsjón með náminu. Boðið var upp á allar þrjár námslínurnar á haustönn og þótti takast afar vel til með námskeiðin.

Stjórnendapjálfun fyrir forstöðumenn sambýla

Stjórn Starfsmenntar kynnti hugmynd um sérstaka stjórnendapjálfun fyrir forstöðumenn sambýla fyrir fatlaða. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri héldu kynningarfund með fulltrúum aðila og kom í ljós að ekki voru forsendur að sinni til að bjóða upp á þessa þjálfun.

Samstarf setursins og Þróunar- og símenntunarsjóða

Umræða fór fram á árinu um tengsl og samvinnu setursins og Þróunar- og símenntunarsjóða SFR og Samflotsins. Ákveðið var að stjórn Starfsmenntar myndi fyrst um sinn óska eftir framlagi frá Þróunar- og símenntunarsjóðunum þegar þörf þætti vegna einstakra verkefna sem setrið stæði fyrir.

Vika símenntunar – dagur símenntunar

Dagur símenntunar var haldinn 14. september og tók Starfsmennt virkan þátt í honum. Dagurinn var haldinn í Smáralind með þeim hætti að aðilar leigðu þar kynningarbása og kynntu starfsemi sína og menntunartilboð fyrir gestum og gangandi. Starfsmennt lét prenta sérstaka kynningarborða af þessu tilefni og var með námskrár og almennt kynningarefni í sínum kynningarbási.

Þetta fyrirkomulag á Degi símenntunar hefur verið við líði um nokkurra ára skeið. Áætlun setursins með deginum tókst vel, en fyrir næsta haust er æskilegt að skoða hvernig kynningarstarf á þessum vettvangi skilar sér.

Aðgangur að námstilboðum Starfsmenntar

Í upphafi árs miðaðist starf setursins einungis við opinberar stofnanir og ríkisstarfsmenn, sem vinna hjá þeim. Fjöldi fyrirspurna barst frá starfsmönnum

stofnana, sem ekki eru starfsmenn ríkisins, um hvort þeir hefðu möguleika á að nýta sér menntunartilboð setursins. Ákveðið var á árinu að allir starfsmenn stofnana gætu sótt námstilboð setursins, en þeir sem ekki ættu beina aðild að því gegnum félög sín, myndu greiða námskeiðsgjald hverju sinni.